

(A. IX, 2).

Nd.

57. Nefndarálit

um frumvarp til hjúalaga.

Frá allsherjarnefnd.

Frumvarp það, sem hjer liggur fyrir, var lagt fyrir efri deild Alþingis árið 1923 (Alþt. 1923, A, 168). Komst nefndin að þeirri niðurstöðu, að eigi væri nauðsyn nýrra hjúalaga, og lagði því til, að flestar greinar frv. yrðu felddar, en kom með smávægilegar breytingar á sjálfri hjúatilskipuninni.

Þótt hjúatilskipunin frá 26. jan. 1866 sje orðin gömul og þar af leiðandi sum ákvæði hennar þýðingarlítil, er meiri hluti nefndarinnar þeirrar skoðunar, að eigi sje þörf á nýjum hjúalögum. Reynslan undanfarin 58 ár, sem hjúatilskipunin hefir gilt, hefir sýnt hve örsgaldan rís ágreiningur milli húsbænda og hjúa um vistráðin eða önnur viðskifti þeirra. Yfirleitt eru vistráðin byggð á frjálsum samningum, sem er heppilegast; enda munu þeir samningar svo margskonar og mismunandi eðlis, að ómögulegt er að koma þeim undir ein heildarlög. Meiri hluti nefndarinnar telur því enga nauðsyn á nýjum hjúa-

lögum nú, en lítur svo á, að hjúatilskipunin, sem mjög var vandað til frá upphafi, sje fullnægjandi.

Meiri hluti nefndarinnar telur, að þau nýmæli, sem þetta frv. hefir að bjóða, og sem hann telur til bóta, sjeu öll þess eðlis, að eigi sje þörf nýrra laga þeirra vegna. Svo er það með misserisvistráðin, sem nú eru mjög tíð í kaupstöðunum, að þótt hjúatilskipunin nái ekki til þeirra með berum orðum, mun alment litið svo á, að ákvæðum hennar verði beitt þar, eftir því sem við á. Sama máli gegnir með 8. gr. frv., að margt mun þar vera helgað með venjunni.

Yfirleitt telur meiri hluti nefndarinnar hjúatilskipunina vera fullnægjandi lög um þessi mál, og telur óþarft og að ýmsu leyti óheppilegt að setja nú ný hjúalög. Samkvæmt þessu ræður meiri hluti nefndarinnar hv. deild til þess að fella frumvarpið.

Alþingi, 27. febrúar 1924.

Jón Þorláksson,
form.

Jón Kjartansson,
framsm.

Jörundur Brynjólfsson.

Magnús Jónsson.

Jeg tel rjettara, að frv. gangi fram, þó með breytingum, er jeg mun síðar flytja.

Jón Baldvinsson.